

Til velferðarnefndar

Mér er mjög til efs að svo víðtækt valdframsal til framkvæmdarvaldsins standist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, yrði frumvarpið að lögum. Í VII. kafla stjórnarskrár eru ákvæði um mannréttindi, svo sem í 67. gr. um að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Þegar vísað er til þessarar heimildar um að takmörkun þurfi að hvíla á lagaheimild er átt við sett lög frá Alþingi. Virðist sem dómstólar setji löggjafanum mjög strangar skorður við framsali á slíku valdi til framkvæmdarvaldsins. Þá verður við lögleiðingu slíkra heimilda að gæta meðalhófs. Ég tel að slíks meðalhófs sé ekki gætt yrði frumvarpið að lögum. Fleiri ákvæði stjórnarskrár þurfa einnig skoðunar við.

Mat á almannahagsmunum og meðalhóf:

Nokkur reynsla er komin á meðferð framkvæmdarvaldsins á því valdi sem nú stendur loks til að byggt verði á lagaheimild. Ég tel að meðalhófs hafi hvorki verið gætt við setningu reglna sem lúta að sóttvörnum í núverandi faraldri né við framkvæmd þeirra. Það gefur sérstakt tilefni til varúðar við fyrirhugað valdframsal til framkvæmdarvaldsins.

Í stjórnsýslunni er gerð krafa um *gagnsæi*. Að almenningur hafi milliliðalausán aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að hægt sé að fylgjast með störfum stjórnvalda; sjá hvernig ákvarðanir eru teknar og stefna mótuð og á hvaða forsendum. Í faraldrinum hafa markmiðin verið á huldu og mat á framangreindum skilyrðum illt viðureignar eftir því. Við mat á ráðstöfunum þarf jafnt að horfa til neikvæðra áhrifa sem jákvæðra. Fjárhagsleg áhrif til lengri og skemmri tíma verður einnig í öllu falli að meta. Ekki er að merkja af frumvarpinu að nein ákvæði um gagnsæi sé þar að finna. Þá virðist mat yfirvalda einungis snúast um sóttvarnir án þess að taka fórnarkostnað sóttvarna með í reikninginn. Slíkt stenst ekki meðalhófsreglu.

Gott dæmi um skort á meðalhófi er afnám heimasmitgátar og upptaka sóttkvíar við komu til landsins án nokkurra dæma um meinta hættu sem af heimasmitgát stafaði. Á sama tíma var nefnilega 14 daga sóttkví framhaldið með lokuð augu á grundvelli pólitískra tískusjónarmiða. Öllum sem leið áttu um Leifsstöð þegar landið var opnað var ljóst hvað var í gangi. Mér þar á meðal; reyndar var mér ljóst að ekki gæti öðruvísi farið eftir að hafa verið utanlands að töluverðu leyti undanfarin 20 ár.

Vegna starfs míns þarf ég sem sé að ferðast mikið. Takmarkanir á atvinnu og ferðafrelsi svo og frelsiskerðingar hafa því haft mikil áhrif á atvinnu mína og tekjur. Fyrir okkur sem ekki viljum leita á náðir samborgara okkar um fjármuni ef á bjátar og teljum það ekki siðferðilega verjandi þá eru þær mjög íþyngjandi. Bæði eistnesk og lettnesk yfirvöld treysta mér til að gæta mín í samskiptum við aðra við störf mín eftir niðurstöðu fyrstu skimunar. Traust sem öðrum er sýnt á Íslandi kemur hins vegar spáskt fyrir sjónir. Ég get fullvissað þingmenn um að í mörgum löndum yrði sá ekki talinn með öllum mjalla sem veldi þá röð sem þyrfti að borga ef önnur ókeypis stæði til boða.

Sem dæmi við mat um hvort meðalhófs sé gætt má nefna að neikvæð ákvæði sóttvarna á atvinnu, framtíðarhorfur, heilsu og jafnvel lífslíkur verður að meta. Þetta á alveg sérstaklega við þegar faraldur á borð við þann sem nú stendur yfir. Þar hafa yfirvöld, að því er virðist, tekið ákvörðun um að fórna atvinnu og framtíðarhorfum eins hóps til hagsbóta fyrir annan hóp og jafnframt tekið meðvitaða áhættu á heilsutjóni og jafnvel minnkandi lífslíkum. Þetta svipar til herskyldukvaðar ef grannt er skoðað þar sem hinum ungu er fórnað fyrir okkur með slitnar kennitölur. Mér er mjög svo til efs að slíkt myndi standast væri framangreint mat lögbundið við ákvarðanir um sóttvarnir. Hafa ber í huga að neyðarsjónarmið sem við áttu (sbr. álitgerð Páls Hreinssonar) eiga ekki við um þessa löggjöf. Að öllu jöfnu verður að gera strangar kröfur, m.a. til rannsóknarskyldu yfirvalda við slíkt mat. Þetta vantar alveg í frumvarpið.

Stjórnsýslukærum

Núverandi ákvæði 14. greinar sóttvarnalaga um að ákvörðun sóttvarnalæknis eða yfirlæknis heilsugæslu um aðgerðir megi kæra til ráðherra eru alls ófullnægjandi. Ég hef reynt að láta á þetta reyna og margítrekað. Ráðuneytið hefur vísitandi tekið um það ákvörðun að svara ekki slíkum kærum. Það er því greinilegt að ráðuneytið telur sig ekki bundið af stjórnsýslulögum. Þarna þarf að skerpa á og

kveða á um sjálfstæðan, óháðan úrskurðaraðila og kveða jafnframt á um meðferð kæru, þ.m.t. tímamörk kærumeðferðar. Til þessa er ráðuneytinu því miður ekki treystandi. Frumvarpið tekur ekkert á þessu að mínu mati.

Mér barst reyndar loks póstur í gær þar sem sagði: „Heilbrigðisráðuneytið hefur mótttekið stjórnslukæru þína sem barst með tölvupósti 28. október 2020. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindi þínu, en ástæðu þess má rekja til anna í ráðuneytinu.

Í ljósi þess að ekki var unnt að afgreiða kæru þína áður en sóttkví lauk lítur ráðuneytið svo á að ekki séu jafn brýnir hagsmunir að úr máli þínu verði leyst strax. Aftur á móti er málið nú til meðferðar hjá ráðuneytinu sem mun ljúka því í desember.“

– Heilbrigðisráðuneytið hefur sem sé talið óhætt að svara þar eð hættan væri liðin hjá og boðar jólakort.

Einar S. Hálfánarson

Associate

Löggiltur endurskoðandi, r.óv | State Authorised Public Accountant, ret.

Hæstaréttarlögmaður | Supreme Court Attorney

Baker Tilly International

Suðurlandsbraut 18, 2.hæð

108 Reykjavík

Ísland | Iceland